



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, mánudagur, 6. nóvember 2023
Tilvísun: 2023010026/33

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn , 95. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 23. október sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa nefndinni umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, 95. mál.

Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barna- og fjölskyldustofa telur jákvætt að skipaður verði starfshópur sem mun rýna stöðu langveikra og slasaðra barna og þá sérstaklega rétt þeirra til umönnunar og stuðnings foreldra. Fagnar stofan því að það verði tekið til sérstakrar skoðunar að hvert barn njóti einstaklingsbundins réttar til umönnunar foreldra í kjölfar slyss eða veikinda, í stað þess að miðað sé við tiltekinn fjölda daga fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna.

Barna – og fjölskyldustofa telur þó rétt að vekja athygli nefndarinnar á stöðu fósturforeldra og fósturbarna í þessu samhengi. Sér í lagi þegar um ræðir að barn er í varanlegu fóstri. Í 2. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að fóstur geti verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarþjónustu. Af þessu verður ráðið að fósturforeldrar barna í varanlegu fóstri hafa að miklu leyti sömu stöðu gagnvart barni og forsjárforeldrar og sjá að jafnaði um alla daglega umsjá og umönnun barns þar til það verður lögráða. Það er hins vegar ekki skilgreint með skýrum hætti í lögum hver réttarstaða fósturforeldra og fósturbarn er ef til veikinda eða slysa barnanna kemur. Því telur stofan rétt að

staða fósturforeldra og fósturbarna verði sérstaklega tekin til skoðunar í starfshópnum og réttindi þeirra skýrð er varðar umönnun slasaðs eða veiks fósturbarns.

Barna- og fjölskyldustofa velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu
Unnur Ágnes Pónsdóttir

